

Alþingi 29.3.2017

Málsnr.: 1702082

Málalykill: 0.34.5



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um drög að lagafrumvarpi um fólks- og farmflutninga á landi. Servio ehf. Kt.70010-0860

Servio ehf er dótturfélag Securitas hf og er að fullu í eigu Securitas hf. Servio ehf er með rekstrarleyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni og rekur m.a. tvær hóp bifreiðar. Meginuppistaða rekstursins eru eðalvagnar, en Servio ehf hefur á sínum snærum 8 slíkar bifreiðar.

Löggjöf um eðalvagna í dag

Eins og löggjöfin er í dag getur Servio ehf ekki verið skráður leyfishafi fyrir eðalvagna sína. Einstaklingar geta eingöngu verið skráðir leyfishafar fyrir eðalvagna líkt og með leigubifreiðar.

Til að Servio geti uppfyllt þessi leyfisskilyrði í dag er einn framkvæmdastjóra Securitas hf skráður sem leyfishafi fyrir eðalvagnaleyfinu. Þessi framkvæmdastjóri þarf í dag að vera skráður sem umráðamaður 1 í ökutækjaskrá og Servio ehf sem umráðamaður 2. Þessi leið var farin í samráði við Samgöngustofu til að Servio ehf gæti uppfyllt leyfisskilyrðin.

Tillögur um breytingar á eðalvagnaleyfum

Servio ehf leggur til að eðalvagnaleyfi geti farið undir rekstrarleyfi til fólksflutninga. Þannig geti lögaðilar orðið leyfishafar á eðalvagnaleyfi, enda telur Servio ehf að eðalvagnarekstur eigi meira skilt við fyrirtæki en einstaklinga.

Reglur og lög um eðalvagna eru börn síns tíma og upphaflega hugsuð fyrir svokallaðar limósíur, eða réttara sagt lengda fólksbíla.

Í dag er markaðurinn allt annar og slíkar limósíur eru helst notaðar fyrir ungmenni á leið á böll og annað slíkt.

Servio ehf þjónustar að stórum hluta efnaða erlenda ferðamenn og þeir gera kröfur um nýleg ökutæki af veglegri gerð, eins og t.d. Mercedes-Benz S-class.

Eðalvagnþjónustur í Evrópu, sem við berum okkur saman við, nota slík ökutæki og limósíur þekkjast varla orðið á þeim markaði.

Eðalvagnar og leigubifreiðar

Rekstur eðalvagna í Evrópu er að langstærstum hluta í höndum fyrirtækja en ekki einstaklinga, þ.e.a.s. um er að ræða stóra flota ökutækja sem eru í rekstri ásamt fastráðnu starfsfólki.

Hér á landi gerir löggjöfin ráð fyrir að einstaklingar séu í þessum rekstri og jafnvel að hann tengist rekstri leigubifreiða.

Leigubifreiðastjórar hér á landi virðast vilja halda í óbreytt ástand á eðlagnaleyfum og er ekki að undra þar sem þeir sitja beggja megin borðsins. Þeir geta, eins og löggjöfin er í dag, skráð leigubifreið sína einnig sem eðlagn og þannig tekið niður merkingar fyrir ferðir sem flokkast undir eðlagnaleigu og svo sett þær aftur upp þegar akstri er lokið og tekið upp næsta farþega.

Eðlagnar eru ekki í samkeppni við leigubifreiðar eins og við höfum oft heyrt frá leigubifreiðastjórum. Akstur eðlagna Servio ehf er ávallt fyrirfram pantaður og er um mun dýrari þjónustu að ræða fyrir viðskiptavininn en sá valkostur að taka leigubifreið, enda gera viðskiptavinir Servio ehf miklar kröfur um gæði. Viðskiptavinir Servio ehf myndu flestir ekki taka leigubifreiðar nema að illri nauðsyn, enda vanir lúxus akstursþjónustu erlendis. Að mati Servio ehf er þetta aðskilin rekstur sem fer ekki saman. Eðlilegt þætti að aðskilja þetta tvennt algjörlega þannig að lögaðilar einir gætu verið með eðlagnaleyfi og einstaklingar með leyfi til reksturs leigubifreiða. Eðlagnar eru virðisaukaskattskyld þjónusta en leigubifreiðar ekki. Ef sami aðili fer með bæði leyfin á sömu bifreið er hætta á að virðisaukaskattur skili sér ekki sem skyldi til ríkisins. Mögulega væri hægt að ganga enn lengra og auðkenna leigubifreiðar frekar en gert er í dag t.d. með ákveðnum lit líkt og tíðkast víða erlendis.

Hvað aðskilur Servio ehf frá öðrum

Servio ehf leggur mikinn metnað í þjónustu sína og ökutæki og eru m.a. bílstjórar fyrirtækisins vel til hafðir og í jakkafötum þegar akstri er sinnt. Starfsmenn Servio ehf eru fastráðnir hjá fyrirtækinu sem launamenn, en ekki verktakar eins og algengt er í þessum geira. Starfsmenn Servio ehf þurfa að skila inn sakavottorði.

Servio ehf er með mun hærrí váttryggingar og bótahámark á tryggingum sinna bifreiða en til að mynda leigubifreiðar. Þetta er ein af þeim skuldbindingum sem við höfum þar sem við erum oft á tíðum með mjög efnaða farþega í okkar bifreiðum.

Servio ehf er búið að leggja í miklar og dýrar fjárfestingar í starfsumhverfi sem ekki í nægjanlega föstum lagamma.

Þjónusta fyrirtækisins byggist að mestu leyti á akstri með efnaða ferðamenn, hvort sem þar er á milli staða, í skoðunarferðir eða jafnvel nokkurra daga ferðir.

Einnig er Servio ehf að sinna ráðstefnugestum eða fólki úr viðskiptalífínu sem er að fara á milli funda.

Helstu viðskiptavinir Servio ehf eru ferðaskrifstofur sem sérhæfa sig í efnameiri ferðamönnum.

Bílaleigubílar í fólksflutningum í atvinnuskyni


Samkeppnisaðilar og sumar ferðaskrifstofur, sem eru sjálfar að sinna akstri, hafa oft brugðið á það ráð að nota bílaleigubifreiðar til að sinna akstri sem heyrir ætti undir eðlagnaleyfi. Þetta er gert til að geta keppt við Servio ehf án þess að leggja út sambærilegar fjárfestingar. Þetta er bannað samkvæmt frumvarpinu, okkur að meinalausu, en mögulega væri sanngjarnt að opna á þennan möguleika en með takmörkunum þó.

T.d. væri hægt að opna á þennan möguleika á ákveðnu tímabili þar sem álag er mjög mikið, til að mynda júní-júlí-ágúst. Þessi möguleiki þyrfti þó að vera takmarkaður þannig að

uppistaða bílaflota mætti ekki samanstanda af bílaleigubifreiðum, heldur einungis hlutfall m.v. eigin bílaflota. Þetta gæti verið 1 bílaleigubifreið fyrir hverjar 5 bifreiðar sem eru í eigin eigu. Hægt væri að sækja um þessa undanþágu til Samgöngustofu sem þyrfti þá að gefa út bráðabirgðaleyfi á einhverja tiltekna bílaleigubifreið.

Ef opnað yrði algjörlega á þann möguleika að heimila bílaleigubifreiðar myndi það skekkja samkeppnisumhverfið fyrir Servio ehf sem er búið að leggja út í miklar fjárfestingar í ökutækjum sínum og auðvelda svokölluðum “gullgröfurum” í ferðaþjónustunni aðgengi að þessum markaði.

Reykjavík 28.mars 2017
f.h. Servio ehf



Sigurður J. Stefánsson
sis@servio.is



Haukur B. Sigmarsson
haukurb@servio.is